

**643. fundur haldinn mánudaginn 16. desember 2002 kl. 10:30  
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mætt:**

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

**1. Fundargerð 642. fundar**

**Afgreiðsla:** Samþykkt með breytingum

**2. Samningur við Reykjavíkurborg um rekstur upplýsingamiðstöðvar**

Lögð fram drög að samningi á milli Ferðamálaráðs og Reykjavíkurborgar um rekstur upplýsingamiðstöðvar í Reykjavík.

**Afgreiðsla:** Samningurinn samþykktur.

**3. Bréf samgönguráðherra**

Lagt var fram bréf frá samgönguráðherra þar sem hann beinir því til ráðsins að nú þegar samningur um Markaðsráð ferðapjónustunnar rennur út verði sá þáttur sem lýtur að landkynningu og markaðsmálum hjá ráðinu eflður. Þetta verði m.a. gert með því að stofnað verði nýtt svið, markaðssvið hjá stofnuninni. Auk bréfs ráðherra var lögð fram tillaga að skipuriti, sem ferðamálastjóri hafði unnið í framhaldi af tilmælum ráðherra.

**Afgreiðsla:** Skipurit samþykkt og taki það gildi 1. febrúar 2003 og auglýst verður eftir forstöðumanni markaðssviðs. Fulltrúar SAF sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 11:45